

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurvöllur
101 Reykjavík

Frá Hollvinasamtökum Áttærings (Grindavíkurskip).

Beiðni um fjárstyrk vegna smíði eftirlíkingar í fullri stærð af áttæringnum Geir úr Staðarhverfi.

Sótt er um 4 milljónir króna.

Menningararfur grindvíkinga er samofinn sjósókn og útgerð í nútíð og fortíð. Hollvinsamtök Áttærings hafa hrundið af stað endurgerð áttæringsins Geir sem brann árið 1993 ásamt þorra bátasafns Þjóðminjasafnsins. Hollvinsamtök Áttærings, kt. 601022-0520, sækir hér með um styrk vegna endurgerðar áttæringsins Geir.

Súðbyrðingur eins og áttæringurinn Geir, er sérstök norræn bátagerð sem í tvö þúsund ár hefur skipt sköpum fyrir sjósókn Norðurlandanna. Súðbyrðingur hefur mikinn innbyrðis breytileika sem ræðst af staðháttum og tilgangi, svo sem hvort bátar voru ætlaðir til fiskveiða, vöruflutninga eða fólksflutninga og þeim efnum sem til ráðstöfunar voru við smíði þeirra. Frá alda öðli hafa súðbyrðingar tengt saman samfélög stranda á milli, verið lífæð við fengsæl fiskimið og fært þjóðir út í heim og heim aftur. Hefðin við smíði og notkun súðbyrðinga er meginþáttur strandmenningar okkar og er sameiginleg afleifð Norðurlandanna.

Áform samtakanna er að endurgera súðbyrðinginn Geir um leið og við tryggjum varðveislu þekkingar sem sjóferðarsaga norrænna þjóða og norræn bátasmíði hvílir á.

Endurgerð Geirs tengist uppbyggingu sjóbúðar og munu sjóbúð og áraskip fullkomna mynd af atvinnugrein sem einkennt hefur uppbyggingu samfélagsins í Grindavík og á öllu Reykjanesi. Áraskip í fullri stærð með rá og reiða er glæsilegt skips sem segir mikla og viðburðarríka sögu sjósóknar okkar Íslendinga.

Áætlaður kostnaður við að endurgerð Geirs er um 13 milljónir króna.

Grindavík, 10. nóvember 2023

Með góðum óskum,

Fyrir hönd Hollvinsamtaka Áttærings

Óskar Sævarsson, form.

svg@svg.is

Sími: 662-7303